# Listahátíðin List á landamæra 2007

www.listanlandamaera.blog.is

## Gjörningurinn:

# Tökum höndum saman, við þurfum á hvert öðru að halda

## Reykjavíkurtjörn
## 28. apríl 2007 kl. 13 til 15

**Gjörningurinn byggir á þátttöku þinni við að skapa líf og list án landamæra!**

www.tokumhondumsaman.blog.is

Gjörningurinn fer fram á gangstéttum við tjörnina þar sem myndaður verður hringur með þátttöku þinni. Fólk safnast saman kl. 13 til að mynda hringinn. Leiðbeinendur gjörnings verða staðsettir víðsvegar í hringnum og aðstoða. **Gangan hefst kl. 14** og þátttakendur ganga saman hönd í hönd einn hring í kringum tjörnina. Allir eru velkomir að mæta og taka þátt.

Reykjavíkurtjörn og gönguleiðin, sem er 1 km



Kort úr LUKR frá landupplýsingadeild

**Að taka höndum saman**

Hringurinn er eitt af grunnformunum. Hann felur í sér hreyfingu. Við erum gjörn á að flokka fólk og setja það í mismunandi kassa. Að taka höndum saman og mynda hring óháð stétt og stöðu, augnlit eða útlitsgerð, krefst þess að við horfumst í augu við sjálf okkur. Sjóndeildarhringurinn stækkar, við verðum ekki eins þröngsýn á lífið og færumst úr spori.

Tjörnin táknar það að við horfumst í augu við okkur sjálf, speglum okkur í vatninu, og horfumst í augun á náunganum, sem við höldumst í hendur við. Þessi gjörningur er góð leið til að efla vitundarvakningu, sem þarf að eiga sér stað til þess að allir geti verið sýnilegir og tekið þátt í þjóðfélaginu á sínum forsendum.



*Sjáumst !*

**Að List án landamæra standa: Átak Hitt húsið Fjölmennt Þroskahjálp ÖBÍ - Höfundur gjörnings er Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, en einnig koma að sköpun hans með ýmsum hætti: Alþjóðahús Félag eldri borgara Hugarafl Islandpanorama Samtökin 78**